

Tillaga til ályktunar

– Fyrirkomulag efstu deildar kvenna–

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2022 samþykki að stjórn KSÍ verði falið að gera breytingar á ákvæðum um mótafyrirkomulag í efstu deild kvenna í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þann veg að mótafyrirkomulag deildarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Í efstu deild kvenna verði leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta verði leikin tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í síðari hluta verði annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar skal leikin einföld umferð á milli þeirra fjögurra liða sem sitja í fjórum neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með inn í síðari hluta.

Lagt er til að töfluröð síðari hluta verði eftirfarandi:

Efri hluti:

1. umferð	1-6	3-5	2-4
2. umferð	6-2	3-1	5-4
3. umferð	1-5	2-3	4-6
4. umferð	4-1	2-5	6-3
5. umferð	1-2	3-4	5-6

Neðri hluti:

1. umferð	8-10	7-9
2. umferð	8-9	10-7
3. umferð	7-8	9-10

Lagt er til að ákvæði um nýtt fyrirkomulag verði samþykkt í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eigi síðar en 1. desember 2022 og taki gildi fyrir keppnistímabilið 2023.

Greinargerð

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ þrjá starfshópa um mót meistaraflokka; Fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna, um neðri deildir karla og um Lengjudeild karla. Verkefni hópanna var að rýna núverandi fyrirkomulag mótanna og kanna útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmiðið var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í hverri deild fyrir sig.

Hóparnir skiluðu niðurstöðum í lok nóvember og voru niðurstöðurnar kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra þann 29. nóvember sl. Í framhaldinu stóðu hóparnir fyrir kynningarfundum sem voru opnir fulltrúum aðildarfélaga KSÍ.

Mótanefnd KSÍ lagði til við stjórn KSÍ að lögð yrði fram tillaga á ársþingi KSÍ 2022 að mótafyrirkomulagi efstu deildar kvenna yrði breytt í samræmi við niðurstöðu starfshóps og að þær breytingar tækju gildi keppnistímabilið 2023.

Úr minnisblaði mótanefndar KSÍ um tillögur starfshópa:

Að lokinni hefðbundinni tvöfaldri umferð í mótinu muni lokakafli mótsins fara fram í tvískiptri deild, efri og neðri hluta. Í efri hluta leiki 6-lið en í neðri hluta 4-lið. Leikin verði einföld umferð og félögin taka með sér stiginn inn í lokahluta mótsins.

Markmiðið starfshópsins var að fjölga leikjum og búa til fleiri jafningaleiki. Alls fjölgar leikjum í deildinni um 21 eða 23% frá því sem nú er.

Úr skýrslu starfshóps um deildakeppni kvenna.

Að teknu tilliti til þeirra markmiða sem starfshópnum voru sett út frá þingskjali 14, leggur hópurinn til að gerðar verði breytingar á efstu deild kvenna frá og með keppnistímabilinu 2023 og verði fyrirkomulagi deildarinnar með þeim hætti að leikin verði tvöföld umferð (heima og heiman) í 10 liða deild. Að þeim hluta loknum væri mótinu skipt í efri hluta (6 lið) og neðri hluta (4 lið) og spiluð verði einföld umferð. Í úrslitakeppni munu 6 efri liðin leika um Íslandsmeistaratitil og Evrópusæti. Keppni í neðri hluta yrði spiluð upp á að forða sér frá falli.

Stjórn KSÍ